

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 92/2013****2013/EES/61/42****frá 3. maí 2013****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 176/2011 frá 24. febrúar 2011 um upplýsingar sem á að leggja fram áður en starfrænu loftrýmisumdæmi er komið á fót eða því breytt <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66u (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„66ua. **32011 R 0176**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 176/2011 frá 24. febrúar 2011 um upplýsingar sem á að leggja fram áður en starfrænu loftrýmisumdæmi er komið á fót eða því breytt (Stjtið. ESB L 51, 25.2.2011, bls. 2).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 176/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir reglugerð (EB) nr. 1070/2009 inn í EES-samninginn, hvort sem ber upp síðar.4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 51, 25.2.2011, bls. 2.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.